

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:**

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2018, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Hjallastefnunnar vegna leikskólans Öskju verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 121 vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og 16 vegna barna á aldrinum 12 til 18 mánaða frá 1. janúar 2019. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við Hjallastefnuna vegna framlagsins.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ósk um breytt framlag vegna opnun ungbarnakjarna í leikskólanum Öskju*

Með bréfi, dags. 5. maí 2018, fer Hjallastefnan fram á að heimilað verði að bæta við ungbarnakjarna í leikskólanum Öskju. Farið er fram á að þar geti verið 12 – 16 börn frá 12 mánaða aldri.

Samkvæmt rekstrarleyfi sem gefið var út 25. ágúst 2017 er heimilt að vera með 137 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Verði beiðni um breytt rekstrarleyfi samþykkt verður heimilt að vera með 16 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða og jafnframt 121 barn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Samþykkt hefur verið að greiða til Hjallastefnunnar vegna leikskólans Öskju framlag vegna 137 reykvískra barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Skólanum hefur verið sendur nýr samningur til undirritunar til samræmis við samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 25. september 2018 og borgarráðs þann 4. október 2018, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Ef beiðni um breytt rekstrarleyfi verður samþykkt er með vísan til breyttrar samsetningar barnahópsins, lagt til að gerð verði breyting á framangreindum samningi með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 121 reykvísks barns á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Jafnframt verði gerður samningur á forsendum samnings vegna yngri barna þar sem fram kemur að heimilt verði að greiða framlag vegna 16 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Mismunur á áætluðu framlagi til leikskólans Öskju yrði því kr. 7,4 milljónir hærri á ársgrundvelli.

Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnadeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst.

Ekki er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum til skóla- og frístundasviðs vegna aukins framlags til Hjallastefnunnar í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2018.

## Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

### 1. gr.

#### Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

### 2. gr.

#### Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst

ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólaláss fyrir barn.

### 3. gr.

#### Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfisdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfisdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

### 4. gr.

#### Rekstrarframlag

##### 4.1 Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára:

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 18 mánaða aldri og þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknunum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknunum leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfisdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum

telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfisdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.

**a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og herra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasvið, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu

í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

#### **4.2 Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:**

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra<sup>1</sup>. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja, námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum skv. 6. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhæð framlags kemur fram í yfirliti yfir niðurgreiðslur til dagforeldra í viðauka 2 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Rekstrarframlagið endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs, sem liggur til grundvallar á útreikningi framlagsins. Heimilt er að endurskoða fjárhæð framlags oftar.

#### **5. gr. Húsnæðisframlag**

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu.

<sup>1</sup> Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

**EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:**

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

#### **6. gr.**

### **Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku**

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

#### **7. gr.**

### **Greiðsla framlags**

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu<sup>2</sup> eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði sammingsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.



Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

#### **8. gr.**

##### **Gjaldskrá**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 1,15.

#### **9. gr.**

##### **Fjárhagsleg ábyrgð**

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

#### **10. gr.**

##### **Eftirlit**

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efdum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efdum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

#### **11. gr.**

##### **Endurkrafa á ofgreiddu framlagi**

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

#### **12. gr.**

##### **Breytingar á lögum,reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar**

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

#### **13. gr.**

##### **Force Majeure**



Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

#### 14. gr.

##### Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 1. október 2018. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann 1. október 2018.

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

#### 15. gr.

##### Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 16.

##### Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

---

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

---

---

---

### **Viðaukar**

**Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag**

**Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra**

**Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu**

19.09.2018 - drög

## **Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

### **1. gr.**

#### **Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir**

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

### **2. gr.**

#### **Framlag skóla- og frístundasviðs**

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í

19.09.2018 - drög

vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

### 3. gr.

#### Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

### 4. gr.

#### Rekstrarframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma ef skilyrðum 2. gr. samningsins er fullnægt. Greitt er rekstrarframlag vegna barna hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri.<sup>1</sup>

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í

<sup>1</sup> Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og eru gerðar til að fá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

19.09.2018 - drög

heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15 sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða

19.09.2018 - drög

í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasvið, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

### **5. gr. Húsnæðisframlag**

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

**EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:**

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

### **6. gr.**

#### **Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku**

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

### **7. gr.**

#### **Greiðsla framlags**

19.09.2018 - drög

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu<sup>2</sup> eða á öðru formi skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs lesanlegu í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði sammingsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólalþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

#### **8. gr.**

#### **Gjaldskrá**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna undir 36 mánaða aldri má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 2,15.

#### **9. gr.**

#### **Fjárhagsleg ábyrgð**

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

#### **10. gr.**

#### **Eftirlit**

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum sammingsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu



19.09.2018 - drög

stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

### **11. gr.**

#### **Endurkrafa á ofgreiddu framlagi**

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

### **12. gr.**

#### **Breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar**

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

### **13. gr.**

#### **Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

### **14. gr.**

#### **Gildistími og uppsögn**

Samningurinn tekur gildi dags. 1. október 2018. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann 1. október 2018.

Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

19.09.2018 - drög

**15. gr.**  
**Varnarþing**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**16.**

**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

-----

**Viðaukar**

**Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag**

**Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra**

**Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu**